

Dagskrá 118. fundar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 31. maí 2022 kl. 14:00-15:30.

Haldinn í fjarfundi.

Mætt: Hellen Magnea Gunnardóttir formaður, Eyrún Björk Valsdóttir, Finnbogi Sveinbjörnsson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Magnús Ingvarsson.

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson.

Gestur: Guðrún Edda Baldursdóttir, fulltrúi úthlutunarnefndar nýsköpunar- og þróunarstyrkja

- 1. Fundargerð síðast fundar** (fskj. 01 Fundargerð 117. fundar)
Fundargerðin var samþykkt og verður send stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar.
- 2. Tillögur úthlutunarnefndar um nýsköpunar og þróunarstyrki**
(fskj. 02-1 Umsóknir, fskj. 02-2 Nýsköpunarverkefni -Tillaga að úthlutun)
Guðrún Edda kynnti tillögur úthlutunarnefndar. Alls bárust 16 umsóknir samtals að upphæð 47,964,800. Lagði nefndin til að veita styrki til 11 verkefna samtals að upphæð 29,994,000.
Afgreiðsla: Tillaga nefndarinnar samþykkt. Í samningum við styrkþega þarf að huga að reglum um aðgengi sjóðsins að afurðum sem verða til með styrk úr sjóðnum.
- 3. Önnur mál**
 - a. Fjölmennt** – aðkoma nýrra hópa – Hildur Betty
FA hefur haft frumkvæði að samtali til við Fjölmennt um með hvaða hætti markhópur Fjölmenntar gæti nýtt sér námsúrræði framhaldsfræðslunnar. Í mörgum tilfellum gætu skjólstaðingar Fjölmenntar nýtt námsleiðirnar væru þær aðlagðar að hópnum, þ.e. settar á þrep 1. Einnig þarf að huga að reglum um stærð hópa og fjármögnun þessa hóps og aðkomu Fjölmenntar í þeim efnum.
Bent var á að innan skólakerfisins eru til úrræði sem gætu nýst við lausn þessa máls.
FA mun halda áfram samtali við Fjölmennt og munu skrifa ráðherra minnisblað með hugmyndum um möguleg úrræði.
 - b. Næsti fundur** – 30. ágúst kl. 14:00